

Heimsminjanefnd Íslands

Fundargerð 22. fundar, 17. maí 2011

Heimsminjanefnd Íslands hélt sinn 22. fund í Þjóðminjasafninu 6. hæð í turni, þann 17. maí 2011 og hófst hann kl.13. Mættir voru Margrét Hallgrímsdóttir formaður, sem stjórnaði fundi, Kristín Huld Sigurðardóttir, Sigurður Á. Þráinsson, Lovísa Ásbjörnsdóttir og Ragnheiður H. Þórarinsdóttir sem ritaði fundargerð. Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður sat einnig fundinn.

Dagskrá:

1. Fundargerð fyrri funda lagðar fram til samþykktar.
2. Torfajökulsaskja. Staða og næstu skref.
(See attached file: Torfajokull. Samantekt, 11.4.2011.docx)
3. Málefni Þingvallavatns.
 - (See attached file: Þingvellir_TentativeList 2011_loka_loka.docx)
 - Dómnefnd um í hugmyndaleit um uppbyggingu og landnýtingu á Þingvöllum
4. Málefni Surtseyjar
 - Surtsey á frimerki hjá UNESCO <http://www.visir.is/article/2011110519946> , <http://www.ni.is/frettir/nr/13516>
 - Vígsluhátíð.
5. Ársfundur heimsminjanefndar UNESCO í París 20.-28. júní nk.
6. Nordic World Heritage site fundur á Íslandi 2012.
7. Invitation to European restoration camp in Norway 2011.
8. Dómnefnd í hugmyndaleit um uppbyggingu og landnýtingu á Þingvöllum.
9. Önnur mál

Formaður setti fund kl. 13.10.

Í upphafi fundar var rætt um fyrirhugaðan fund með formanni Þingvallanefndar og verkefnisstjórnar víkingaminja til að ákveða stærð svæðisins sem á að tilnefna innan víkingatilnefningarinnar. Ákveðið að halda fund nk. föstudag, 20. maí í fundarsal hjá Alþingi.

1. *Fundargerðir.* Undirritun fundargerðar frá 19. fundar frestað til næsta fundar. Fundargerð 21. lögð fram og undirrituð.
2. *Torfajökulssvæðið.* Staða málsins. Í mennta- og menningarmálaráðuneytinu er verið að vinna að gerð minnisblaðs til ríkisstjórnarinnar frá ráðherrum menningarmála og umhverfismála í framhaldi af erindi heimsminjanefndarinnar. Verður sent til umhverfissráðuneytisins til samþykktar áður en það fer fyrir ríkisstjórn.
3. *Málefni Þingvallavatns og Þingvalla.* Lagt fram til kynningar bréf frá Pétri M. Jónassyni um vatnið. Verður sent heimsminjanefnd á rafrænu formi strax að loknum fundi. Frekari umræða fer fram á næsta fundi. Rætt var um ástand Þingvalla vegna stórauðinnar umferðar um þjóðgarðinn vegna nýja vegarins. Aksturshraði er of mikill og þarf að gera einhverjar ráðstafanir vegna þess. Þingvallanefnd hefur sent inn beiðni til vegamálastjóra um fjármagn til mótvægisáðgerða vegna nýja vegarins. Mengun

[Handwritten signatures and initials]

hefur aukist, bæði umhverfis- og hljóðmengun. Rætt var um dómefnd sem Þingvallanefnd hefur skipað vegna hugmyndaleitar um uppbyggingu og landnýtingu á Þingvöllum. Hana skipa Ragna Árnadóttir formaður, Haraldur Sigurðsson, Andri Snær Magnason, Margrét Hallgrímsdóttir, Ásborg Arnþórsdóttir. Ólafur Örn Haraldsson starfar með nefndinni sem þjóðgarðsvörður og Árni Geirsson hjá Alta heldur utan um verkefnið.

4. *Málefni Surtseyjar*. Nefndin lýsti yfir ánægju sinni með útgáfu frimerkja hjá Sameinuðu þjóðnum. Sigurður mun tala við forstöðumann Umhverfisstofnunar vegna fyrirhugaðrar vígsluhátíðar. Mikilvægt er að taka ákvörðun um vígsludag og bjóða til þess ráðherrum og fulltrúa frá WH Office.
5. *Ársfundur heimsminjanefndar UNESCO*. Unnið er að tillögu innan mennta- og menningarmálaráðuneytisins um að senda tvo fulltrúa frá heimsminjanefndinni á ársfund heimsminjanefndar UNESCO sem verður haldinn í París 19. – 29. júní 2011. Lagt var til að Margrét Hallgrímsdóttir og Kristín Huld Sigurðardóttir fari á fundinn. Ráðuneytið mun athuga með flug og hótलगistingu.
6. *Fyrirspurn*. Fyrirspurn frá Milla Öystilä hjá Sveaborg í Finnlandi um hvort Ísland sé tilbúið að halda fund norrænna heimsminjastaða árið 2012. Ákveðið að vísa frá sér verkefningu. Ísland hélt fund heimsminjastaða 2005 og nefndin telur ekki eðlilegt að við komum inn á fimm ára fresti. Sigurður svarar erindinu frá Finnlandi.
7. *Boð til Noregs fyrir skólanemanda*. Nefndin ákvað að gera ekkert í málinu í þetta sinn.
8. *Dómnefnd*. Málið var rætt undir lið 3.
9. *Önnur mál*. SÁÞ benti á nauðsyn þess að forgangsraða tilnefningum og huga að landfræðilegum mörkum svæðanna. Ákveða hvað á að taka fyrir eftir að víkingatilnefningunni er lokið.

Fundi slitið kl. 14.20.

Ragnheiður H. Þórarinsdóttir

Margrét Hallgrímsdóttir
Sigurður A. Arnþórsdóttir

Ragnheiður H. Þórarinsdóttir

Kristín Huld Sigurðardóttir